



Efnahags- og viðskiptanefnd

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

Akranesi 2. júní 2022

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs**

Verkalýðsfélag Akraness leggst alfarið gegn því að hækka lögfestingu á lífeyrисиðgjöldum launafólks úr 12% í 15,5%

Það er mat VLFA að það sé hlutverk aðila vinnumarkaðarins að semja um iðgjöld og skiptingu á þeim í sínum kjarasamningum. Það er talað um í greinargerð með frumvarpi þessu að samráð hafi verið haft við aðila vinnumarkaðarins og verið sé að uppfylla atriði sem fram komu í stuðningsyfirlýsingu stjórnvalda vegna lífskjarasamningsins. VLFA getur upplýst að sáralítill lýðræðisleg umræða fór fram um þetta veigamikla mál innan verkalýðshreyfingarinnar og eitt er víst að hinn almenni sjóðsfélagi innan lífeyrissjóðskerfisins kom hvergi nærri né var spurður um hver vilji hans væri varðandi lögfestingu eða ráðstöfun á 3.5% í séreign.

Til upprifjunar þá var samið í kjarasamningum 2016 um hækkun á mótframlagi atvinnurekenda og var það liður í jöfnun á lífeyrisséttindum á hinum almenna vinnumarkaði við opinbera markaðinn og í þeim kjarasamningi segir orðrétt: „Við endurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál, sem ljúka skal fyrir lok maí 2016, verði einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi launagreiðanda í bundinn séreignasparnað í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika.“

- Um þennan samning með þessu ákvæði kusu félagsmenn aðildarféлага ASÍ og var sá samningur samþykktur. Hinsvegar gerðist það að Samtök atvinnulífsins og ASÍ breyttu því sem fram kom í kjarasamningnum sem laut að bundinni séreign og bjuggu til nýja séreign sem bar heitið tilgreind séreign. Um þetta var ekki kosið í kjarasamningunum enda kom síðan í ljós að meginmarkmið ASÍ og SA var að búa til þessa séreign sem var þannig uppbyggð að hún ætti öll að renna til lífeyrissjóðanna og launafólk hefði ekki heimild til að velja sér annan vörsluaðila og auk þess var hún með miklu þrengri skilyrði heldur en frjáls viðbótarsparnaður sem almennt launafólk hélt í raun og veru að það væri að kjósa um.

Þegar þessi framkvæmd SA og ASÍ varð að veruleika gerði Fjármálaeftirlitið alvarlegar athugasemdir við framkvæmdina enda skýrt kveðið á um í lögum að launafólk geti valið sér vörsluaðila. Aðalmálið er hinsvegar að almennt launafólk kaus ekkert um neina tilgreinda séreign heldur hélt í einlægni sinni að hér væri um að ræða val á frjálsum viðbótarsparnaði eins og almennt launafólk þekkir hvað best.



Því er það með ólíkindum að nú eigi að lögfesta þessa tilgreindu séreign sem launafólk kaus ekki um, hafði ekkert um að segja og það eigi að lögbvinga launafólk til að leggja allan þennan sparnað inn til lífeyrissjóðanna og ef það kys að velja annan vörsluaðila þá kemur eftirfarandi fram í frumvarpinu í 3. grein, lið b: „Þó er lífeyrissjóði heimilt að taka gjald af sjóðfélaga sem hlýst af kostnaði við flutning á tilgreindri séreign til annars aðila.“

VLFA leggst alfarið gegn því að það eigi að lögbvinga launafólk með þessum hætti og leggja á það álgögr fyrir það eitt að vilja ráðstafa sínum séreignarsparnaði til annars vörsluaðila.

Það er einnig umhugsunarefni hvernig aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum hefur tekist að flækja lífeyrissjóðskerfið gríðarlega og nægir að nefna í því samhengi að nú stendur fólki til boða frjáls viðbótarsparnaður, bundin séreign og ef þessi lög verða að veruleika bætist við tilgreind séreign. Ofan á þetta kemur síðan svokölluð samtrygging og málið er að almennt launafólk skilur ekki upp né niður í þessu fyrirkomulagi enda er staðan þannig í dag að á hinum almenna vinnumarkaði hjá ófaglærðum rennur 98% af þessum 15,5% beint í samtrygginguna en einungis 2% hafa sett þetta í tilgreinda séreign. Þetta er vegna þess að fólk skilur ekki hvernig þetta lífeyrissjóðskerfi okkar er uppbyggt og að ætla sér að flækja það enn frekar er fásinna að mati VLFA.

Það er mat VLFA að hámarks iðgjaldið samkvæmt lögunum eigi áfram að vera 12% og launafólki eigi síðan að standa til boða að leggja 3.5% í hvern þann séreignarsparnað sem í boði er, þar með talið frjálsan viðbótarsparnað sem er með mun rýmri reglur heldur en sá sparnaður sem hér er verið að reyna að lögfesta.

Að öllu þessu sögðu skorar VLFA á Alþingi að hafna þessum lögum og hefja þess í stað alvöru úttekt á lífeyrissjóðskerfinu enda er uppbygging þess afar ósanngjörn vegna þeirrar starfaskiptingar sem er í sjóðunum en til dæmis í ófaglærðu lífeyrissjóðunum er örorkubyrðin langtum hærrí en í öðrum sjóðum og því til viðbótar eru lífslíkur verkafólks sem vinnur erfiðisvinnu 3-4 árum skemmri heldur en háskólamenntaðra samkvæmt gögnum Hagstofunnar.

Að leggja þær byrðar á ófaglært fólk þar sem örorkubyrðin er miklu meiri og framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði dugar hvergi nærri til er fráleitt.

Virðingarfyllst,

f.h. Verkalýðsfélags Akraness

Vilhjálmur Birgisson